



Verkefni 1 – Njálurefillinn: Þín saga

Hér fyrir ofan má sjá fyrstu myndirnar á Njálurenningnum, en hann er 90 metra langur og 50 cm breiður refill sem segir Brennu-Njáls sögu. Myndirnar teiknaði Kristín R. Gunnarsdóttir, þær voru svo prentaðar á renninginn og nú er verið að sauma þær út með s.k. refskaumi. Fyrirmyndin að Njálureflinum er Bayeux refillinn frægi, en hann er talinn hafa verið saumaður á 11. öld. Sjá nánar á www.njalurefill.is

Verkefni: Skoðaðu myndirnar vandlega og skrifaðu í framhaldinu nýja sögu við þær.

Þessar myndir segja upphaf Njálu, en þú skalt nota þær til að segja heila sögu. Allar sögur hafa upphaf, miðju og endalok, einnig sögusvið og persónur – og meðal þeirra eru gjarnan hetja og skúrkur. Gangi þér vel!